

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. júlí 2008
Tilvísun: UST20080600035/sf

Tillaga að deiliskipulagi vegna snjóflóðavarna undir Kubba á Ísafirði

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar dags. 3. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi vegna snjóflóðavarna undir Kubba á Ísafirði.

Deiliskipulagssvæðið er alls um 14 ha. Innan þess, rétt ofan við byggðina í Holtahverfi, verður reistur snjóflóðavarnargarður sem verður 260 m langur og 12-18 m á hæð. Við snjóflóðavarnargarðinn er á deiliskipulagi afmarkað efnistökusvæði þar sem gert er ráð fyrir efnistöku vegna garðsins. Fyrirhugað er að efnistökusvæðið verði grætt upp og að það verði hluti af útivistarsvæði þar sem gert er ráð fyrir göngustígum, áningarstöðum og leikvöllum. Afmarkað er svæði fyrir stoðvirki í Bröttuhlíð, ofarlega í hlíðum Kubba og er stærð þess um 4,5 ha. Vegslóði verður lagður að stoðvirkjasvæðinu en hann verður nýttur tímabundið meðan á framkvæmdum stendur og afmáður eftir að framkvæmdum við stoðvirki lýkur. Í greinargerð með deiliskipulagstillögunni kemur fram að á þeim svæðum sem eru utan við deiliskipulagssvæðið er graslendi og hefðbundið gróðurfar sem má finna í hlíðarótum á Vestfjörðum. Einnig kemur þar fram að leitast verði við að gera svæðið sem grætt verður upp vegna jarðrasks eins líkt aðliggjandi svæðum og hægt er.


Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur ekki fram hver efnispörfin er vegna byggingar snjóflóðavarnargarðsins og hvað áætlað er að taka mikið efni á skilgreindu efnistökusvæði. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal áður en leyfi er veitt til náms jarðefna liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.


Umhverfisstofnun telur ljóst að sjónræn áhrif af stoðvirkjum í hlíðinni verði mikil. Einnig verður vegslóði sem nýttur verður til að koma efni og vinnuvélum á stoðvirkjasvæðið áberandi meðan á framkvæmdum stendur. Þá er hætt við að mikið jarðvegsskrið verði úr hlíðinni ofan við snjóflóðavarnargarðinn þar sem grafið verður langt inn í hlíðina.

Eins og fram kemur í greinargerð með deiliskipulagstillögunni er gerð snjóflóðavarna háð lögum um mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun vegna snjóflóðavarna í Holtahverfi á Ísafirði hefur verið samþykkt, sbr. ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 10. júní 2005, en frummatsskýrsla hefur ekki verið auglýst. Þar sem deiliskipulagstillagan varðar framkvæmd sem fellur undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er skipulagsáætlunin háð umhverfismati áætlana, sbr. lög nr. 105/2006. Með deiliskipulagstillögunni fylgir þó ekki umhverfisskýrsla í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Umhverfisstofnun telur sér ekki fært að veita umsögn um framangreinda tillögu að deiliskipulagi fyrr en fyrir liggur umhverfisskýrsla þar sem fram kemur mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Virðingarfyllt


Sigurrós Friðriksdóttir
fágstjóri


Kristín Linda Arnadóttir
forstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.
Oddur Pétursson, eftirlitsráðgjafi Umhverfisstofnunar á Vestfjörðum.